

Nd.

450. Breytingartillögur

[2. mál]

við frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

1. Ný grein, er verði 2. gr., hljóði svo:

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar samþærilegar byggingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingaákvörðun Alþingis.

2. 1. mgr. 3. gr. (er verði 4. gr.) orðist svo:

Framlag ríkissjóðs skv. 1. tl. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingadeild menntamálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

3. 7. gr. verði 6. gr.

4. 6. gr. verði 7. gr.

5. 5. gr. verði 8. gr. og orðist svo (töluröð 8.—16. gr. frv. breytist skv. því):

Sjóðsstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og bygginganefnd. Hún getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.

6. 13. gr. (sem verði 14. gr.) orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, svo og 10. gr. laga um skólakostnað, nr. 49 29. apríl 1967, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við þessi lög.